

---

# Tilkynning um reglubreytingu

Dags: 1. desember 2023

Breytingar á reglum fyrir útgefendur skuldabréfa á Aðalmarkaði og First North (*Nasdaq Iceland Rules for Issuers of Fixed Income Instruments* og *Nasdaq First North Iceland Fixed Income Rulebook*)

Nasdaq Iceland hf. ("Kauphöllin") hefur tekið ákvörðun um að gera breytingar á reglum fyrir útgefendur skuldabréfa. Nýju skilyrði hefur verið bætt í reglurnar sem kveður á um að einungis skráð félög (útgefendur sem eru með hlutabréf sín í viðskiptum) geti sótt um töku breytanlegra skuldabréfa (e. convertible bonds) til viðskipta.

## Athugasemdir

Við viljum endilega heyra álit ykkar svo við getum tryggt að reglurnar séu skýrar og þjóni markmiðum sínum um að tryggja viðeigandi fjárfestavernd. Sömuleiðis væri gott að fá að vita ef það er eitthvað annað sem þið teljið að megi skýra eða lagfæra í reglunum.

Þið getið sent spurningar eða athugasemdir á netfangið [surveillance.ice@nasdaq.com](mailto:surveillance.ice@nasdaq.com). Lokafrestur til að koma formlegum ábendingum á framfæri er til 15. desember 2023.

## Gildistaka

Breytingarnar taka gildi 1. Janúar 2024.

Hægt er að hlaða niður reglunum á eftirfarandi vefsíðum:

**Aðalmarkaður:** <https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/iceland>

**First North:** <https://www.nasdaq.com/market-regulation/nordics/first-north-mtf-rules>